

Um fjárfestingar og stöðu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Nokkur umræða hefur verið í fjölmiðlum um fjárfestingar lífeyrissjóða. Í því sambandi hafa sjónir manna einkum beinst að fjárfestingum í innlendum hlutabréfum sem er skiljanlegt með tilliti til hruns fjármálakerfisins. Því vill Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) koma á framfæri til sjóðfélaga sinna nokkrum staðreyndum um fjárfestingar sjóðsins á liðnum árum.

Eignasamsetning

Eign lífeyrissjóðsins í árslok 2007 var um 270 milljarðar króna. Þar af var um 22% í innlendum hlutabréfum. Meginhluti eigna sjóðsins var hins vegar og er ávaxtaður í dreifðu safni innlendra skuldabréfa sem námu 46% af eignum og í erlendum verðbréfum sem töldu 32% eigna. Skuldabréfasafnið samanstendur af ríkistryggðum skuldabréfum, lánveitingum til sjóðfélaga og öðrum skuldabréfum. Erlenda verðbréfaeignin er í hlutdeildarskírteinum erlendra hlutabréfa- og skuldabréfasjóða þannig að fjárfestingarnar eru vel áhættudreifðar eftir útgefendum, landssvæðum og atvinnugreinum. Erlendu verðbréfaeigninni er stýrt af virtum erlendum fjárvörsluaðilum.

Fjárfestingar í innlendum hlutabréfum

Samkvæmt fjárfestingarstefnu LV fyrir árið 2008 skal hlutfall innlendra hlutabréfa að hámarki vera 25% af eignum sjóðsins, þar af skulu að lágmarki 90% vera í skráðum félögum. Í árslok 2007 námu skráð innlend hlutabréf um 21% af eignum. Fjárfestingarnar samanstóðu af eignarhlut í 15 félögum, þ.e. flestum félögum í Úrvalsvisitölu kauphallarinnar. Auk ákvæðis í fjárfestingarstefnu um hámarkshlutfall tiltekinna eignaflokka hefur stjórn sjóðsins mótað nánari reglur um ráðstöfun fjármagns og eignastýringu. Eignarhlutur í einstökum félögum má ekki vera hærrí en 15% af hlutafé viðkomandi félags en það hlutfall er til samræmis við ákvæði laga um lífeyrissjóði. Þetta hlutfall má þó vera allt að 10% í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum.

Virk stýring eigna

Lögð er áhersla á virka eignastýringu með það að markmiði að tryggja sem besta ávöxtun til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Á undanförunum fimm árum hefur sjóðurinn keypt og selt innlend hlutabréf fyrir um 12 til 50 milljarða á ári. Af fjórum árum af þessum fimm hefur fjárhæð seldra hlutabréfa verið hærrí en fjárhæð keypra hlutabréfa.

Umframávöxtun innlendra hlutabréfa

Á tímabilinu 1997 til og með 2007 nam meðalársávöxtun innlendra skráðra hlutabréfa 26,7%. Á sama tíma nam meðalársávöxtun Úrvalsvisitölnunnar 19,8%. Uppsöfnuð umframávöxtun LV samanborið við Úrvalsvisitöluna var því 102% á þessu ellefu ára tímabili. Hlutabréfasafn LV sýndi 19,5% árlega raunávöxtun yfir 28 ára tímabil til ársloka 2007. Eftir fall bankanna var raunávöxtun hlutabréfaeignar lífeyrissjóðsins reiknuð og sýnir safnið nú 8,5% árlega raunávöxtun yfir tæplega 29 ára tímabil.

Raunávöxtun eigna

Meðalraunávöxtun LV síðustu 5 árin var 10,6% í árslok 2007 og síðustu 10 árin er meðalraunávöxtunin 6,9%. Sjóðurinn hefur sýnt aðra hæstu ávöxtun á liðnum árum meðal lífeyrissjóðanna.

Hækkun lífeyrisréttinda

Góð ávöxtun eigna sjóðsins hefur gert honum kleyft að hækka lífeyrisréttindi um 21,1% umfram verðlagsbreytingar frá árinu 1997.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Við ákvarðanir um fjárfestingar í hlutafélögum er m.a. litið til reglna OECD um stjórnarhætti fyrirtækja og reglna Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

Lífeyrissjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu fyrirtækja auk bættra stjórnarháttanna sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á hluthafafundum og/eða með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja.

Reglur stjórnarsýslulaga um hæfi stjórnarmanna og forstjóra sjóðsins gilda um aðkomu þessara aðila að málsmeðferð einstakra mála og ákvarðanatöku í stjórn sjóðsins. Það felur m.a. í sér að stjórnarmenn eða forstjóri taka ekki þátt í umræðum eða ákvörðunum á stjórnarfundum sjóðsins um málefni fyrirtækja þar sem þeir hafa hagsmunu að gæta sem starfsmenn, eigendur eða stjórnarmenn.

Áhrif fjármálakreppunnar

Rétt er að áréttu upplýsingar sem birtar voru á heimasíðu Lífeyrissjóðsins í byrjun nóvember um áhrif fjármálakreppunnar á séreignardeild sjóðsins en eignir séreignardeildarinnar hafa verið ávaxtaðar með hliðstæðum hætti og aðrar eignir Lífeyrissjóðsins. Þar kom fram að lækkun á eignum sjóðsins vegna fjármálakreppunnar næmi 14,4%. Vegna óhagstæðrar þróunar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum nemur lækkun eigna sjóðsins frá áramótum 23,4% í lok október.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða segir til um möguleika til að auka réttindi eða þörf á að skerða þau. Gerð hefur verið tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins miðað við næstu áramót á grundvelli áætlaðra stærða. Niðurstöðurnar sýna áætlaða neikvæða stöðu sjóðsins um 9,6% um næstu áramót. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kveða á um að ef munur eignarliða og skuldbindinga fer umfram 10% verði að grípa til ráðstafana. Reynist niðurstaða ársins í samræmi við áætlun tryggingafræðingsins þarf ekki að koma til lækkunar lífeyris og réttinda um næstu áramót.

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri
Lífeyrissjóðs verzlunarmanna